

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 25. mars 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-12/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreiðinni A hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi segir að galli hafi komið fram á bifreiðinni sem hann krefst að seljandi bæti úr á sinn kostnað, þ.e. að seljandi greiði viðgerð sem kostað hafi kr. 498.600.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 8. febrúar sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og búrúst þau 19. febrúar. Með bréfi dags. 23. febrúar var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 2. mars. Engar athugasemdir búrúst. Með bréfi, dags. 17. mars sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina A 27. maí 2005, nýjan jeppa af gerðinni B, fyrir kr. 5.100.000. Eftir að hafa átt bifreiðina í 51 mánuð og ekið henni 104.000 km. hafi bilun komið fram í vatnskassanum. Kæling á vökva fyrir sjálfskiptingu bifreiðarinnar sé inni í vatnskassanum og frostlögur á vatnskerfinu hafi lekið inn á sjálfskiptingu bifreiðarinnar og skemmt hana. Því hafi þurft að taka skiptinguna upp og skipta um disk í henni. Einnig hafi þurft að skipta um vatnskassann sem hafi verið ónýtur. Álitsbeiðandi segir vatnskassann eiga að endast gott betur en í kringum 100.000 km. og hann telji að um galla á honum sé að ræða. Seljandi hafi ekki viljað bæta honum tjónið.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. eftirfarandi:

1. Umrædd bifreið, A, er af gerðinni B og nýskráð 27. maí 2005. Framleiðsluábyrgð hennar rann því út í maí 2008. Þegar bifreiðin er færð til okkar vegna umræddrar bilunar er búið að aka henni samkvæmt verkbeiðninni 109.523 km.
2. Bilun verður vegna íblöndunar á frostlegi við sjálfskiptivökva bílsins en leiðslur hans liggja neðst í vatnskassanum og leki verður í kerfinu.
3. Haft var samband við framleiðandann vegna þessa, bæði til að kanna hvort um þekktan veikleika væri að ræða og hvort framleiðandi tæki þátt í viðgerðarkostnaði þótt bifreiðin væri fallin úr ábyrgð hans. Framleiðandi hafnaði ábyrgðarkröfunni vegna aldurs bílsins, fjölda ekinna kílómetra og að ekki er um þekktu bilun að ræða nema vegna utanaðkomandi áhrifa.

4. Stofnuð hefur verið tækniskýrsla hjá B og er hún nú í vinnslu, í framhaldi af stofnun hennar hefur framleiðandi óskað eftir því að fá umræddan vatnskassa til frekari skoðunar og bilanagreiningar þar sem, eins og áður sagði, ekki um þekktan galla að ræða. Óskað hefur verið eftir því við X að hann færi kassann til okkar til að svo megi verða.
5. Varðandi orsakir þessarar bilunar er margt sem getur hafa komið til annað en galli í framleiðslu. Ef bætt er á vatnskassa með rangri gerð af kælivökva getur það haft veruleg áhrif á endingu vatnskassans og m.a. orsakað skemmdar þéttingar, ofhitun kælivökvans sömuleiðis, einnig ef sjálfskiptingin verður fyrir álagi og sjálfskiptivökvinn ofhitnar ásamt fleiri umhverfisáhrifum og notkun bílsins frá árinu 2005 fram til þess tíma að bilun kemur fram.
6. Varðandi samanburð á bifreiðum frá Bandaríkjunum og þeim sem framleiddar eru fyrir Evrópumarkað þá skal það tekið fram að um mismunandi markaðssvæði er að ræða sem nota ekki sömu íhluti til framleiðslunnar eða sömu verksmiðjur og því ekki samanburðarhæft hvað varðar endingu hluta.

Samantekt:

Við teljum umrædda bifreið ekki vera gallaða. Bifreiðar fara víða, álag og umgengni mjög mismunandi sem hefur áhrif á endingu íhluta þeirra, ekki síst hvað íhluti jeppabifreiða varðar. B veitir 3ja ára ábyrgð á framleiðslu sinni. Ábyrgðartíma lauk hvað þessa bifreið varðaði einu og hálfu ári áður en umrædd bilun verður. Ef vatnskassi bifreiðarinnar verður sendur til skoðunar hjá framleiðanda er þó enn möguleiki á einhverri hlutdeild hans í viðgerðinni ef niðurstaða skoðunarinnar réttlætir það.

Við viljum þó ítreka að búið er að nota bifreiðina í fjögur og hálf ár og aka henni tæpa 110 þúsund kílómetra áður en bilunin kemur fram. Við álag er t.d. ekki óalgengt að sjálfskiptingar í jeppabifreiðum yfirhitni, enda er sérstakt aðvörunarljós sem kviknar við yfirhitun í flestum gerðum þeirra. Ekki þarf nema eitt skipti í t.d. þungum sandi til að yfirhita sjálfskiptinguna ef ekki er sett í lágt drif.“

V

Úr gögnum málsins

Álitsbeiðninni fylgdi reikningur frá Z, dags. 29. janúar 2010, að fjárhæð kr. 371.669 og er hann fyrir viðgerð á sjálfskiptingu í bifreið álitsbeiðanda. Þá fylgdu tveir reikningar frá Y. báðir dags. 11. nóvember 2009, annar fyrir skipti á vatnskassa að fjárhæð kr. 38.000 og hinn fyrir vinnu við sjálfskiptingu að fjárhæð kr. 31.031. Þá fylgdi og reikningur frá C fyrir einn vatnskassa að fjárhæð kr. 57.900.

Á reikningi Y fyrir vinnu við sjálfskiptingu frá 11. nóvember 2009 er eftirfarandi skráð:

„Tók bílinn inn og tappaði af skiptingunni við það kom í ljós að vökvinn var aðeins kremaður. Ákvað að taka niður pönnu og fór það ekki milli mála að það hefur farið vatn inn á skiptinguna. Haft var samband við eiganda og honum skýrt út um stöðu mála. Hann vildi setja þetta saman og setja olú og bætiefni á skiptinguna. Hann ætlar síðan að hafa samband við E í ábyrgðard. Myndir teknar af olúpönnu og olú. Sýni sent til F í glycol próf og vatnspróf, þetta er á okkar kostnað. Smá skúmm í kælivatnskút. [...]

Fór prufutúr, finn ekki fyrir hnökkri í lock-upi eða að skiptingin sé eitthvað óeðlileg, það kemur trúlega seinna fram, þá trúlega í efstu þrepunum þar sem tugið er mest.“

Þá fylgdu álitsbeiðninni útprentun af tölvusamskiptum aðila. Í pósti frá 11. janúar sl. spyr álitsbeiðandi seljanda að því hvort hann muni laga sjálfskiptinguna á sinn

kostnað. Seljandi segist því miður ekki geta gefið endanlegt svar um það vegna þess að framleiðandi bifreiðarinnar hafi ekki svarað fyrirspurn þar að lútandi.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu þessa máls hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Álitsbeiðandi keypti bifreið sína 27. maí 2005. Hinn 11. nóvember 2009 kom í ljós, sbr. lýsingu Y frá þeim tíma, að vatn hafði farið inn á sjálfskiptinguna og verður ekki annað séð af gögnum málsins en vatnið hafi komið frá vatnskassa bifreiðarinnar en ekki annars staðar frá. Vökvinn á sjálfskiptingunni er kældur með því að leiða hann um vatnskassann og af því leiðir að séu leiðslur og þéttingar ekki í lagi blandast kælivatnið sjálfskiptivökvanum sem síðan skemmir sjálfskiptingu sem endað getur með eyðileggingu hennar. Sama máli gegnir um vatnskassann sjálfan. Seljandi hefur í andsvörum sínum bent á að bilun af þessu tagi geti stafað frá öðru en smíðagalla, s.s. að settur hafi verið kælivökvi af rangri gerð á vatnskassann sem geti haft áhrif á endingu hans og skemmt þéttingar sem og ofhitað kælivökvann. Sama máli gegni verði sjálfskiptingin fyrir álagi og vökvinn á henni ofhitni og fleiri umhverfisáhrif geti haft sömu afleiðingar.

Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um að bifreið álitsbeiðanda hafi orðið fyrir því sem seljandi lýsir að hafi getað komið fyrir hana. Kærunefndin telur að í þessu tilviki verði hún að byggja álit sitt á því að bilun í bifreið álitsbeiðanda hafi orðið af þeim sökum að smíði hennar hafi ekki verið sem skyldi að því er varðar kælikerfi sjálfskiptingarinnar. Bifreiðin hafi því verið haldin galla í skilningi neytendakaupalaga nr. 48/2003, sbr. 15. og 16. gr. laganna. Kærunefndin telur rétt að taka fram að hún hefur til meðferðar álitsbeiðni frá eiganda bifreiðar af sömu gerð og bifreið álitsbeiðanda er vegna sams konar bilunar, mál nr. M-17/2010.

Þegar um galla á söluhlut er að ræða, og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða, á neytandi val á milli úrræða, sbr. 26. gr. laga nr. 48/2003. Eitt þeirra er að krefjast skaðabóta úr hendi seljanda, sbr. e-lið 1. mgr. 26. gr. laganna. Kröfu álitsbeiðanda verður að skilja sem kröfu um greiðslu skaðabóta samkvæmt framangreindri lagagrein.

Til þess að neytandi eigi rétt á úrbótum á galla samkvæmt neytendakaupalögum verður hann að beina kvörtun vegna gallans til seljanda í samræmi við ákvæði 27. gr. laganna en 1. og 2. mgr. þeirrar greinar hljóða svo:

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum

hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Eins og fyrr greinir keypti álitsbeiðandi bifreiði sína 27. maí 2005. Kæruneofndin lítur svo á að hann hafi kvartað undan framangreindum galla 11. nóvember 2009. Var bifreiðin þá tæplega fjögurra og hálfis árs gömul og ekin rúmlega 109 þús. km. að sögn seljanda. Það er engu að síður álit kæruneofndarinnar að þeir hlutar bifreiðarinnar sem biluðu og að framan er lýst eigi að endast umtalsvert lengur en raun varð á og þar af leiði að álitsbeiðandi hafi kvartað undan galla á bifreiðinni í samræmi við framangreind lagaákvæði. Það er því niðurstaða kæruneofndarinnar samkvæmt framansögðu að Y beri ábyrgð á gallanum og sé skylt að greiða álitsbeiðanda skaðabætur sem nemi kostnaði við viðgerð bifreiðarinnar, kr. 498.600.

VII Álitsorð

Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 498.600.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir